



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 30. október 2023.

Efni: Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum til að bæta stöðu kynsegin fólks (nöfn og skilríki), þskj. 103, 103. mál.

Mannréttindaskrifstofa Íslands styður framangreint frumvarp heils hugar enda telur skrifstofan það hluta af sjálfsákvörðunarrétti hvers einstaklings að fá að ráða eigin nafni. Styður skrifstofan jafnframt að fleiri en ein breyting á kynskráningu verði leyfð enda getur það tekið kynsegin fólk tíma að staðsetja sig þar sem það á heima.

Þá telur skrifstofan það einnig mikilvægt að útgáfa skilríkja sem gefin eru út vegna breytingar á kyn- eða nafnsskráningu í þjóðskrá verði gjaldfrjálst svo þeirri hindrun verði rutt úr vegi að einstaklingur hafi ekki ráð á að kalla eftir útgáfu skilríkja. Samræmist það og niðurfellingu gjaldtöku vegna breytingar á kyn- og nafnsskráningu í þjóðskrá sem samþykkt var á vorþingi 2021.

Virðingarfyllst,

f.h. Mannréttindaskrifstofu Íslands

Margrét Steinarsdóttir, framkvæmdastjóri